

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðabæ.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Egilsstaðabæ:

Í íbúðarhverfum er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferðabifreiðum og fólksflutningabifreiðum, sem eru 3,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðmönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum stóru ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækjanna á þessum sérstaklega afmörkuðu stæðum.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi 20. mars 1993.

Lögreglustjórinn í Norður-Múlasýslu, 16. febrúar 1993.

Helgi Jensson, ftr.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Biskupstungnahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. janúar 1993 staðfest breytingu á gildandi aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum 1989–2009 frá 27. júní 1990, sbr. 3. og 4. mgr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á spildu, norðan Þjóðvegarins á mótis við Dalbrún, breytist úr landbúnaðarsvæði í hesthúsasvæði og skógrækt.

Biskupstungnahreppur tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 26. febrúar 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.